

Sp.

391. Tillaga til þingsályktunar

[171. mál]

um atvinnulýðræði.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela 11 manna nefnd að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn þeirra fyrirtækja, sem þeir starfa hjá. Skal löggjöf þessi vera fyrsti áfanginn í áætlun til næstu tveggja áratuga um aukið lýðræði í íslenskum atvinnuvegum, og ber sérstaklega að stefna að því í fyrstu lotu að veita launþegum ríkisfyrirtækja og þá einkum iðnfyrirtækja veruleg bein áhrif á stjórn þeirra, en starfsmönnum í einkarekstri viðtæk ráðgefandi áhrif.

Nefndin skal skipuð af ráðherra, og tilnefna samtök vinnuveitenda þrjá menn, launþegasamtökin þrjá, þingflokkarnir fjórir tilnefna hver einn mann, en ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hugtakið.

Tillaga þessi fjallar um aukið lýðræði í íslenskum atvinnurekstri. Hugtakið lýðræði er bein þýðing á gríska orðinu *demokrati*, en *demos* er fólk og *krati* þýðir stjórn. Eins og orðstofnarnir í íslenska hugtakinu bera einnig með sér, er það lýðræði, þegar alþýða manna stjórnar. Lýðræði í atvinnulífinu er í því fölgandi, að launþegar, verkamenn og aðrir starfsmenn, stjórna atvinnurekstrinum.

Þessi tilhögun er í Skandinavíu oftast nefnd *industrielt demokrati* og stundum *bedriftsdemokrati*. Á Íslandi hafa ýmis orð verið notuð, en átt er við sama hugtakið í öllum tilfellum: stundum er þessi réttur kenndur við atvinnuvegina, *atvinnulífslýðræði*, stundum við reksturinn, *rekstrarlýðræði*, en þó langoftast við vinnustaðina, *atvinnulýðræði*. Einnig heyrast stundum talað um *iðnaðarlýðræði*, og er það væntanlega bein þýðing á „industrielt demokrati“. Því ber ekki að neita, að lýðræði í atvinnurekstri er sjálfsagðast og auðveldast í framkvæmd í *iðnaði*, ekki sízt á fjölmönnum vinnustöðum, og þar mun það fyrst hefja innreið sína. En þessi tilhögun á einnig rétt á sér við aðrar atvinnugreinar, hvort heldur er í verzlun, útgerð, landbúnaði eða þjónustustarfsemi. Iðnaðarlýðræði er því of þröngt hugtak, enda er orðið „industri“ í hinu skandinavíska heiti notað í víðri merkingu og táknar atvinnurekstur almennt.

Hin þrjú orðin eru rétt hugsuð og koma öll til greina, en hér verður það valið, sem bezt fer í munni: *atvinnulýðræði*.

Krafan um lýðræði.

Krafan um fullkomið lýðræði er krafan um jafnrétti þegnanna á öllum sviðum þjóðlífsins. Jafnt og þétt hefur þessi krafa náð fram að ganga á æ fleiri sviðum og í æ fleiri löndum.

Pólitískt lýðræði og lýðræði í félagsmálum eru hvort tveggja kröfur, sem óðum eru að ná almennri viðurkenningu sem grundvallarréttindi hvers manns. Er þá átt við prentfrelsi, málfrelsi, félagsfrelsi, almennan kosningarrétt, jafnrétti kynjanna o. s. frv.

Menningarlegt lýðræði er viðurkennt takmark, þótt misjafnlega sé að því unnið. Er þá átt við jafna aðstöðu manna í uppeldis- og menntamálum án tillits til uppruna eða aðstæðna og jöfn skilyrði til að njóta gæða menningarlífsins.

Krafan um efnahagslegt lýðræði er tvíþætt: Annars vegar er átt við, að lífskjör manna og fjárhagsleg afkoma sé sem jöfnust, svo að þeir hafi allir jafna möguleika til að njóta lífsgæðanna. Hér er því átt við fjárhagslegt jafnrétti manna. Hins vegar er átt við jafnrétti manna til að hafa áhrif á stjórn efnahagslífsins.

Með því er reynt að koma í veg fyrir einokun fárra manna á efnahagslífi viðkomandi þjóðar, enda er fjárhagslegt misrétti óhjákvæmileg afleiðing af slíkri einokun. Vald fárra manna yfir efnahagslífinu í krafti fjármagnsins hefur aftur á móti í för með sér vald þeirra á atvinnulífinu. Efnahagslegt lýðræði er því öðrum þræði náskýlt atvinnulýðræði. Munurinn er sá, að hið fyrra beinist að efnahags- og atvinnulífinu í heild sinni, en atvinnulýðræði er fyrst og fremst bundið við vinnustaðinn, fyrirkomulag rekstrarins á hverjum stað.

Það er vissulega óeðlilegt, að þjóðfélagið viðurkenni lýðræði sem grundvallarreglu, en neiti að framfylgja þessari reglu í mikilvægasta þætti þjóðlífsins — atvinnulífinu. Þess vegna er það ein helzta krafa verkalýðshreyfingarinnar víða um heim í dag, að sigurganga lýðræðisins sé ekki stöðvuð við dyr vinnustaðanna.

Markmið atvinnulýðræðis.

Á Íslandi hafa umræður um atvinnulýðræði verið mjög af skornum skammti. Á hinn bóginn hafa þessi mál verið á dagskrá í öllum nálægum löndum á undanförunum árum og þá ekki sízt á Norðurlöndum. Gildir einu, hvort um er að ræða flokka, sem kenna sig við íhaldsstefnu, vinstristefnu eða sósíalisma, — allir viðurkenna þeir þörfina á auknu lýðræði í atvinnulífinu. Aftur á móti er mikill ágreiningur um markmið og leiðir. Til glöggvunar mætti greina á milli þriggja hugmynda, sem allar stefna í sömu átt, en ganga þó misjafnlega langt:

1) *Samráð við starfsmenn í ákveðnum málum.* Fyrsta skrefið í átt til atvinnulýðræðis er að veita starfsmönnum íhlutunarrétt um meðferð nokkurra mála-flokka, sem snerta reksturinn, t. d. varðandi vinnuskilyrði og vinnutílhögun, hagræðingu, vinnutíma, öryggisráðstafanir vegna starfsfólks, bæta þjónustu o. fl. Slík réttindi eru að sjálfsögðu mjög mikilvæg fyrir launþega, en einnig er það skoðun margra, að starfsmenn, sem eiga persónulega hlut að því að leysa vanda-mál rekstrarins, uni sér betur á vinnustað og eigi hægara með að þroska hæfileika sína í starfinu. Víða meðal atvinnurekenda í kapítalískum löndum er vaxandi vilji til að stefna að þessu marki, þ. e. að auknum, en takmörkuðum meðráðarétti starfsmanna, enda hafa þeir rökstuddan grun um, að aukin samábyrgð og samvinna leiði til aukinna afkasta og framleiðni.

2) *Fulltrúar starfsmanna í minni hluta í stjórn fyrirtækisins.* Ráðgefandi réttindi starfsmanna, eins og lýst er í seinustu málsgrein (1), eru tæpast lokatakmark í margra augum, heldur einungis frumstig atvinnulýðræðis. Næsta skrefið er, að launþegar fá aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á ákvarðanir í öllum vandamálum rekstrarins með beinni þátttöku í stjórn fyrirtækisins. Þetta stig er þó rétt að takmarka við þá tilhögun, að starfsmenn fá að velja stóran hluta stjórnarmanna á lýðræðislegan hátt, en hafa þó ekki náð meirihlutaaðstöðu í stjórn rekstrarins.

3) *Raunveruleg stjórn starfsmanna.* Þá fyrst, þegar starfsmenn hafa öðlazi réttinn til að kjósa meiri hluta þeirra, sem sitja í stjórn fyrirtækisins, er inntak kröfunnar um lýðræði í atvinnurekstri orðið að veruleika. Þessi tilhögun mundi dreifa valdinu í þjóðfélaginu úr höndum hinna fáu til hinna mörgu, svo að efnahags- og atvinnulífið yrði undir lýðræðislegu eftirliti. Réttur löggjafans og framkvæmdarvaldsins til áhrifa á stjórn rekstrarins væri þó ekki afnuminn, enda óhjákvæmilegt, að sérhvert fyrirtæki sé rekið í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar.

Erlend reynsla.

Víða um heim er atvinnulýðræði á dagskrá og þá einkum innan verkalýðshreyfingarinnar, eins og áður er sagt, en óvíða hefur orðið mikið úr framkvæmdum. Hér skulu nefnd dæmi frá þremur þjóðum, ef það mætti verða til skilningsauka á þessari tillögu:

Í *Englandi* hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til að koma á auknu lýðræði í atvinnulífinu, en þessi viðleitni er þó skammt á veg komin. Árið 1941 voru stofnaðar framleiðslunefndir hjá öllum fyrirtækjum í málmiðnaðinum, og voru þær hugsaðar sem ráðgefandi aðili af hálfu starfsfólksins. Þessar tilraunir tókust misvel,

enda voru nefndirnar valdalitlar, en merkar rannsóknir voru gerðar í þessa átt hjá fyrirtækinu Glacier Metals.

Eftir seinni heimsstyrjöldina þjóðnýtti ríkisstjórn Verkamannaflokksins ýmsar mikilvægar greinar atvinnulífsins, svo sem rafmagns-, kola- og gasiðnað og nokkra þætti flutningakerfisins. Samtímis voru gerðar ráðstafanir í lýðræðisátt með því að skipa forustumenn í verkalýðshreyfingunni í stjórn fyrirtækjanna, og komið var á fót stofnunum, sem fastir starfsmenn voru aðilar að og ætlað var einkum að fjalla um mál, sem snertu öryggi, heilsu og velferð launþeganna svo og aukna framleiðni fyrirtækjanna. Þessi tilraun í Englandi hefur gefið vel, svo langt sem hún nær, en þróun lýðræðis í enskum atvinnuvegum er þó enn á frumstigi.

Í *Noregi* voru lög um verkamannanefndir (arbeiderutvalg) árið 1920 fyrsta viðleitnin í þessa átt. Nefndirnar áttu að vera ráðgefandi í vissum málaflokkum, en löggin komust ekki í framkvæmd.

Í sameiginlegri stefnuyfirlýsingu stjórn mála flokkanna árið 1945 var boðað, að stofnaðar yrðu „ráðgefandi framleiðslunefndir, skipaðar vinnuveitendum, verkamönnum og öðrum starfsmönnum“. Þessi tilhögun hefur síðan náð fram að ganga með heildarsamningum vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar, en án sérstakrar laga-setningar.

Fram að þessu hefur viðleitni norskra ráðamanna til að auka lýðræði í norskum atvinnurekstri fyrst og fremst beint að hinu fyrsta stigi, sem nefnt var hér að framan: ráðgefandi réttindum starfsmanna. Þó eru þess mörg dæmi, að fulltrúar verkamanna eigi sæti í stjórnnum norskra ríkisfyrirtækja, og nú eru þær breytingar í aðsigi, sem færa munu norskt atvinnulýðræði á annað stig. Verkamannaflokkurinn hefur nú í undirbúningi nýja löggjöf um þessi efni, og mun einkum að því stefnt, að launþegar hafi veruleg ítök í stjórn rekstrarins, en verði þar í minni hluta.

Er stjórnarkreppan stóð yfir í *Noregi* sumarið 1963, hét Einar Gerhardsen því, að ríkisstjórnin mundi „greiða fyrir lagafrumvörpum um meðráðarétt starfsmanna um rekstur ríkisfyrirtækja og taka fullnaðarákvörðun um meðráðarétt launþega í einka-fyrirtækjum“.

Fæstir, sem til þekkja, munu neita því, að atvinnulýðræði hefur enn sem komið er náð mestum þroska í *Júgóslavíu*. Frá stríðslokum hefur verkamannaráðið verið sú grunneining í atvinnulífi landsins, sem stjórnað hefur rekstri flestra meiri háttar fyrirtækja. Júgóslavar hafa einbeitt sér sérstaklega að dreifingu miðstjórnar- og framkvæmdavalds með því að veita einstökum landshlutum, sveitarfélögum og þjóðnýttum stórfyrirtækjum aukið sjálfstæði. Verkamannaráðin hafa þó ekki stjórn fyrirtækjanna að öllu leyti í sínum höndum, en bein áhrif starfsmanna á reksturinn eru tvímælalaust mikil.

Enginn mun vilja halda því fram, að skipan þessara mála í *Júgóslavíu* sé fullkomin, enda mun brautryðjandastarf að ræða. En áreiðanlega má mikið læra af *Júgóslövu* um framkvæmd atvinnulýðræðis. Víða um heim er fylgt með þessum tilraunum þeirra af miklum áhuga, og til dæmis fór nefnd norskra þingmanna nýlega til *Júgóslavíu* til þess að kynna sér sérstaklega atvinnulýðræði þar í landi. Ekki væri síður ástæða fyrir þá nefnd, sem þessi tillaga fjallar um, að gera ráðstafanir til að læra af reynslu *Júgóslava*.

Íslenzkar aðstæður.

Aukin þátttaka launþega í stjórn fyrirtækja er misjafnlega auðveld í framkvæmd, t. d. geta verið hagstæðari skilyrði í einu landi en öðru, og ekki er vafi á því, að aðstæður á Íslandi eru að ýmsu leyti aðrar en í nágrennalöndunum. Einnig eru aðstæður mjög ólíkar í hinum ýmsu atvinnugreinum, og ekki eru sömu skilyrði fyrir hendi á öllum vinnustöðum í sömu atvinnugrein. Hér verða nefnd nokkur atriði, sem máli skipta í þessu sambandi:

a) Íslenzkt atvinnulíf hefur verið í mótun á undanfórnum áratugum. Flestar atvinnugreinar hafa tekið miklum breytingum á fáum árum, og ekki hefur enn skap-

azt sú festa og jafnvægi, sem ríkir í háþróuðum iðnaðarlöndum. Margs konar atvinnurekstur, bæði á vegum ríkis og einkaaðila, stendur þó traustum fótum, og er því sjálfsgagt að stuðla að auknu atvinnulýðræði samfara vaxandi jafnvægi í íslenzku atvinnulífi.

Í öðrum tilfellum einkennist rekstur margra einkafyrirtækja af glæfralegu kapphlaupi við skjóttekinn gróða, tilviljanir ráða miklu og framtíð rekstrarins er algerlega háð einum manni, dugnaði hans og vilja, auraráðum og persónulegum samböndum. Taka verður tillit til þess, að lýðræði í atvinnurekstri getur ekki þrífist við þvílíkar aðstæður, enda á slíkur rekstur tæpast heima í heilbrigðu atvinnulífi.

b) Ein helzta forsenda þess, að starfsmenn taki þátt í stjórn fyrirtækja og hafi afskipti af rekstrinum, er sú, að þeir séu samfelld á sama vinnustað um lengri tíma og óðlist þannig nokkra reynslu og þekkingu í starfi sínu við fyrirtækið. Á Íslandi er árstíðabundin vinna fremur algeng, sérstaklega í útgerð og fiskiðnaði. Verður að hafa það í huga, að þar sem fyrirtæki er aðeins starfrækt nokkra mánuði á ári og miklar breytingar verða á starfsliði frá ári til árs, er atvinnulýðræði torveldara í framkvæmd.

c) Fjöldi starfsmanna við hvert fyrirtæki skiptir einnig nokkru máli. Starfsmennirnir verða að eiga á að skipa mönnum, sem hafa einhverja reynslu í félagsmálum og nægilega forustuhæfileika til að taka þátt í stjórn rekstrarins. Varla þarf að óttast, að á fjölmönnum vinnustöðum skorti hæfa forustumenn, en meiri óvissa er um lítil fyrirtæki. Þá ber á það að líta, að þeim mun stærri sem fyrirtækin eru, þeim mun meiri þörf er á lýðræðislegum vinnubrögðum, þ. e. meðráðarétti starfsmanna við stjórn þeirra.

Í Iðnaðarskýrslum 1960, sem Hagstofa Íslands gaf út 1963, eru töflur, sem gefa yfirlit um slysatryggðar vinnuvikur verkafólks og annars starfsliðs hjá íslenzkum iðnfyrirtækjum árið 1959. Þessar tölur veita upplýsingar um meðalfjölda starfsmanna í ýmsum iðngreinum, og má af þeim ráða, að meðalfjöldi starfsmanna við meðaliðnfyrirtæki á Íslandi er um 12 manns. Ekki liggja fyrir upplýsingar um aðrar atvinnugreinar.

Eftir beiðni flutningsmanns þessarar tillögu hefur Hagstofa Íslands samið yfirlit um fjölda íslenzkra iðnfyrirtækja, sem hafa 12 starfsmenn að meðaltali eða fleiri. Kemur í ljós, að af 1246 iðnfyrirtækjum hafa aðeins 362 fleiri en tólf starfsmenn að meðaltali yfir árið. Aðeins 70 iðnfyrirtæki hafa 50 starfsmenn eða fleiri. Yfirlit Hagstofunnar er birt hér sem fylgiskjal.

Smæð fyrirtækjanna og fámenni á vinnustað er því séríslenzkt einkenni, sem taka verður tillit til.

d) Ástæðulaust er að spá neinu um það, hvern hljómgrunn krafan um atvinnulýðræði muni fá meðal íslenzkra vinnuveitenda í einkarekstri. Einhverjir atvinnurekendur munu sjálfsgagt fullyrða, að afskipti launþega af rekstrinum hafi einungis truflandi áhrif á stjórn hans, enda séu þeir að fara inn á svið, sem þeim komi ekki við, og með þessu sé verið að skerða löghelgaðan eignarrétt atvinnurekandans.

En hvað sem líður afstöðu einkaatvinnurekenda til þessa máls, er hitt ekki ósennilegt, að auðveldara verði að koma á atvinnulýðræði í ríkisrekstri en einkarekstri. Hæg eru heimatökin, ef ríkisvaldið fellst á breytta tilhögun í opinberum rekstri, og sú skoðun mun fljótlega ryðja sér til rúms, að starfsmenn, sem öðlazi hafa reynslu og þekkingu í starfi sínu, eigi frekar heima í stjórn fyrirtækisins en ýmsir embættismenn, pólitískir erindrekar og bitlingasnatar. Á Íslandi er hlutfallslega meira um opinberan rekstur en í flestum löndum Vestur-Evrópu, og má því segja, að skilyrði til að koma atvinnulýðræði í framkvæmd hér á landi séu að þessu leyti góð.

Þá má minna á, að samvinnuhreyfingin á Íslandi er óvenjulega öflug. Eins og fyrr segir, á atvinnulýðræði sérstakan rétt á sér í opinberum rekstri, en ekki á það síður við innan samvinnuhreyfingarinnar. Krafan um lýðræði er náskyld og raunar samofin hinni gömlu samvinnuhugsjón. Félög samvinnumanna byggðu upp starf-

semi sína hér á landi með lýðræðislegu samstarfi neytenda í bæjum og framleiðenda í landbúnaði. Síðar hafa forustumenn samvinnumanna villzt nokkuð af leið með því að blanda blóði við einkaframtakið og hverfa frá lýðræðislegum vinnubrögðum í atvinnurekstri. Iðnfyrirtæki á vegum samvinnufélaganna eru mörg í hlutafélagsformi, og hafa hvorki starfsmenn né neytendur þar nokkur áhrif. Því verður þó ekki neitað, að hin styrka staða samvinnuhreyfingarinnar bætir aðstöðuna til að koma á lýðræði í íslenskum atvinnurekstri.

Árið 1957 var hlutur einkaaudmagnsins í framleiðslufjármunum þjóðarinnar um 36%, en hlutur ríkis, bæja og samvinnufélaga um 31% (þau 33%, sem eftir eru, tilheyra bændum). Ef tekið er tillit til þess, að í hópi hlutafélaga eru allmörg félög, sem ríki, sveitarfélög og samvinnufélög eiga meiri hlutann í og ráða öllu um, hækkar hlutur þess opinbera og samvinnufélaga á kostnað einkaaudmagnsins. Ef litið er á iðnaðinn sérstaklega, eiga einstaklingar og hlutafélög 70%, en samvinnufélög og opinberir aðilar 30% (með sama fyrirvara og áður). Loks má geta þess, að samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar eru 70 af 362 iðnfyrirtækjum, sem hafa tólf starfsmenn eða fleiri, ríkisfyrirtæki, samvinnufélög eða bæjarfyrirtæki, en þar á meðal eru mörg stærstu iðnfyrirtæki landsins.

Þessi tillaga til þingsályktunar miðar að því að skipa 11 manna nefnd til að undirbúa áætlun til næstu tveggja áratuga um aukið lýðræði í íslenskum atvinnuvegum. Það skal fúslega viðurkennt, að þetta viðfangsefni er ekki einfalt í framkvæmd. Atvinnulýðræði mun ekki ná fram að ganga nema á löngum tíma og eftir margvíslegar tilraunir. En nauðsynlegt er að hefjast þegar handa um undirbúning: koma á stað viðræðum milli launþega og vinnuveitenda, rannsaka íslenskar aðstæður og leita eftir reynslu annarra þjóða.

Í tillögunni er ráð fyrir því gert, að stefnt verði að markinu í nokkrum áföngum og sé athyglinni einkum beint í fyrstu lotu að fyrirtækjum í eigu ríkisins og þátttöku starfsmanna í stjórn þeirra. Einnig verði starfsmönnum í einkarekstri veitt aðstaða til að hafa ráðgefandi áhrif í vissum málaflokkum.

Að endingu.

Ýmsir, sem kynna sér þessa tillögu, munu ef til vill spyrja: Er það ekki hálfgerður kommúnismi að vilja ræna vinnuveitendur réttinum til að stjórna eigin rekstri? Er ekki í raun og veru verið að læða sósíalisma inn um bakdyrnar? Þessu er til að svara, að atvinnulýðræði er tvímælalaust eitt skref af mörgum á leiðinni til sósíalismans. Sósíalismi er lýðræði á öllum sviðum þjóðlífsins, og hér er stefnt í lýðræðisátt á einu afmörkuðu sviði.

Þessi staðreynd ætti þó tæpast að fæla menn frá þessu sjálfsagða réttindamáli. Hugsjónir sósíalismans um jafnan rétt allra manna hafa síazt inn í hugmyndaheim jafnvel íhaldssömustu flokka. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, er það staðreynd, að í krafti réttlætisvitundar hins almenna manns eru sósíalískar hugmyndir í sókn, jafnt á Íslandi sem í afturhaldssömustu ríkjum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að framfarir í tækni og vísindum eru mjög örur á okkar tímum. Hin nýja iðnbýlting, sem einkennist af sjálfvirkni og gifurlegri fjöldaframleiðslu, mun bæta lífskjör almennings stórkostlega á komandi árum. Þessi þróun er þó ekki með öllu hættulaus. Í fyrsta lagi má hún ekki hafa í för með sér, að valdið yfir atvinnurekstrinum safnist á hendur örfárra manna. Í öðru lagi er það staðreynd, að samfara vaxandi sjálfvirkni verða störf manna einhæfari, andlausari og tilbreytingarsnauðari. Sérstaklega af þessum ástæðum er það samfélagsleg nauðsyn, að hinn vinnandi maður verði virkur þátttakandi og stjórnandi á þeim stað, þar sem hann dvelur næstum þriðjunginn af ævi sinni, en sé ekki aðeins tannhjól í hinni tröllvöxnu vélasamstæðu atvinnulífsins.

Þessi tillaga til þingsályktunar hefur því tvíþættan tilgang: annars vegar að bæta aðstöðu launþega til áhrifa á sérhverjum vinnustað í atvinnulífi þjóðarinnar — hins vegar að flytja vald og ábyrgð frá hinum fáu til hinna mörgu.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Reykjavík, 24. febrúar 1965.

Hl. alþingismáður
Ragnar Arnalds,
Reykjavík.

Því heitmi yðar letur Hagstofan heitmað í té yfirlit um fjölda íslenskra ísmáðarþingmanna árið 1963, flokkuð eftir flokkarstærð, eins og hún er talin fram til slóðbyggingar árið 1964. Þessins þann yfirlit er talin með, sam lögfr. 12. stjórnformenn að meðaltali eða fleiri (600 vinnuvert) * Fiskitáknur er meðalhim (merkis *):

Tegund ísmáðar	12-30 manna			30-50 manna			51-100 manna			Eftir 100 manna			Samtals				
	Ruk	Þákn	Samt.	Ruk	Þákn	Samt.	Ruk	Þákn	Samt.	Ruk	Þákn	Samt.	Ruk	Þákn	Samt.		
Stofum og ljóðitáknur	3	2	4	9	-	-	-	-	1	1	-	-	1	4	5	2	11
Mjólsmáðar	1	2	3	6	-	1	1	-	1	-	-	1	1	2	3	4	9
Fuglflúr, fiskodum, síðlar, ríður	5	24	27	56	-	11	15	26	3	6	8	17	2	7	1	10	109
Brátt-, hól- og hólgernt	4	3	-	7	3	-	3	-	-	-	-	-	-	7	3	-	10
Salgæti- og matalafgernt	4	-	-	4	2	1	3	1	-	1	-	-	-	7	1	-	8
Dryllifurvitáknur	1	-	-	1	2	-	2	-	-	-	-	1	-	1	4	-	7
Veifarvitáknur (ullarverksmiðjur, orfúrnastofur, netagernt o. fl.)	6	8	2	16	-	-	-	-	1	2	3	1	4	2	7	10	21
Skoggr. falag. o. p. h.	12	3	-	15	2	-	2	4	1	-	5	-	-	18	4	-	22
Trésmíðaverkstæði og kringaagernt	9	10	1	20	1	-	1	1	-	1	-	-	-	11	10	1	22
Pappírsvörgernt (ambitaverksmiðjur)	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	1	-	-	1
Prentun, bíla- og blásmáðar	10	1	1	12	4	1	5	4	-	4	-	-	-	18	2	1	21
Skinn- og lóðsmáðar, annar en slis. og falagert	-	-	-	-	1	-	1	-	-	-	-	-	-	1	-	-	1
Geimsmáðar	1	-	-	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	-	1
Kemískar undirtektir smáðar	-	-	-	-	1	-	1	-	-	-	-	1	-	1	-	-	2
* Lifafræðsla, mjól- og ljóðvernd	5	5	12	13	1	3	1	5	1	1	2	4	1	1	4	10	22
Ymis kemísk. framleiðsla	1	1	-	2	1	1	2	1	-	1	-	-	-	3	2	-	5
Gleimsmáðar, leimsmíti	2	-	-	2	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2	-	-	2
Bannatagernt	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	1	-	-	1
Ymis steinframtáknur	5	-	2	7	-	-	-	1	-	1	-	-	-	6	-	2	8
Málsmíti	15	10	3	28	1	4	5	4	-	4	2	-	2	22	14	3	39
Smíti og úrgernt rafmáðar	2	-	-	2	-	-	-	1	1	-	-	-	-	2	1	-	3
Skipsmíti og úrgernt	1	3	1	5	4	1	5	1	1	1	-	-	1	2	8	2	12
Brúsmíti og úrgernt	8	2	4	14	3	2	5	2	-	3	-	-	-	13	4	5	22
Flugfélagsmíti	-	-	-	-	4	-	1	-	-	-	-	-	-	1	-	-	1
Plásturáknur o. fl.	3	-	1	4	-	-	1	-	-	-	-	-	-	3	-	2	5
Samtals	95	74	54	223	22	29	18	69	23	12	13	48	10	10	2	22	150
Samtals af fradr. fiskitákn	88	45	22	155	21	15	2	38	19	5	3	27	8	2	1	11	136

Hagstofa Íslands
Guðr. Þorvaldsson